

238. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,

miðvikudaginn 18. september 2019.

Mættir:

Stjórnarmenn: Katrín Sigurjónsdóttir formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Valtýr Hreiðarsson, Finnur Yngvi Kristinsson og Ásgeir Örn Blöndal.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri. Elva Gunnlaugsdóttir og Baldvin Valdemarsson rituðu fundargerð.

Formaður setti fundinn, sem haldinn var á Borgum, kl. 16.20 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Staðan á sameiningarviðræðum Eypings og atvinnuþróunarfélaganna

Katrín Sigurjónsdóttir stjórnarformaður og Hilda Jana Gísladóttir varaformaður, en þær sitja í stýrihóp verkefnisins, greindu frá stöðu viðræðna. Strategia er að vinna úr upplýsingum frá undirbúningsfundum með fulltrúaráði. Fyrstu hugmyndir um hlutvert markmið, rekstrarform, skipulag og umgjörð sameinaðs félags liggja fyrir.

2. Störf án staðsetninga og flutningur starfa

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsemi opinberra stofnana á svæðinu, flutning ríkisstofnana og störf án staðsetningar.

3. Haustfundur

Rætt um árangur og framkvæmd fundarins fyrr í dag. Mjög jákvæður fundur. Sterk skilaboð komu fram um að berjast enn frekar fyrir uppbyggingu flugvallarins á Akureyri. Einnig var samþykkt eftirfarandi ályktun og var hún samþykkt samhljóða:

Ályktun Haustfundar AFE 2019

Haustfundur Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, sem er sameiginlegur vettvangur allra sveitarfélaga við Eyjafjörð um atvinnumál, lýsir yfir áhyggjum sínum af þeirri miklu töf sem hefur orðið á skilum Skipulagsstofnunar á álit vegna Hólasandslínu 3. Samkvæmt lögum hefur Skipulagsstofnun fjórar vikur til að gefa út álit en nú eru liðnar 25 vikur sem er fullkomlega óásættanlegt. Fundurinn vill benda á að þessi töf hefur nú þegar haft mikil og skaðleg áhrif á uppbyggingu atvinnulífs og samfélags í Eyjafirði. Fundurinn krefst þess að Skipulagsstofnun afgangi á álitinu án frekari tafa.

Akureyri 18. september 2019

Katrín Sigurjónsdóttir

stjórnarformaður AFE

4. Úttekt á framlögum til rannsókna og nýsköpunar

Framkvæmdastjóri sagði frá nýlegri úttekt á landfræðilegri skiptingu opinberra fjármuna til rannsókna og nýsköpunar. Fram kom að langstærsti hluti fjármunanna er úthlutað á höfuðborgarsvæðinu.

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri greindi frá framvindu nýsköpunarverkefnis í samstarfi við erlenda vísindamenn.


Einnig sagt frá stöðu mála varðandi nýja starfstöð Matís á Akureyri.

Rætt um komandi fund til undirbúnings Sóknaráætlunar Eyþings sem haldinn verður í Hofi á morgun.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 17:30

Katrín Siguwörpudóttir


Hilma Jóna Crislael

Sigmundur
